

Valgreinar 2017-2018

Innanskóla- og samval – 9. og 10. bekkur

Efnisyfirlit

Nám í 9. og 10. bekk Brekkuskóla.....	3
Innanskólalaval.....	3
Aðstoð í bóknámi – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	3
Bakstur – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	4
Fatahönnun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	4
Hönnun / Smíðar – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	4
Íþróttir – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	4
Leirmótun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	4
Lífsstíls- og þjálfraeði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	5
Matur og bakstur – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	5
Myndasöguteikning – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	5
Myndlist 1 – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	6
Myndlist 2 – fyrir þá sem eru búnir með myndlist 1.....	6
Prjón og hekl – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	6
Réttir frá ýmsum löndum – fyrir 8., 9. og 10. bekk.	7
Skólaleikhús í smíðastofunni/sviðslist – fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	7
Tauprykk – litun fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	7
Textíll / fjölbreytt handverk - fyrir 8., 9. og 10. bekk.....	7
Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri.....	8
Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk – Kennt á haustönn í VMA.	8
Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk.....	8
Borðspil fyrir 8. – 10. bekk.....	8
Dans fyrir 8. – 10. bekk.....	9
Fatasaumur 8.-10. bekk.....	9
Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk.....	9
Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk.....	10
Franska fyrir 8.-10. bekk.....	10
Hársnyrtiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk.....	11
Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk.....	11
Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk.....	11
Hjólalaval fyrir 8. – 10. bekk.....	12
Hönnunar- og tæknismiðja fyrir 9. og 10. bekk.....	12
Iðnir, tækni og Slippurinn fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í Slippnum.	13

Knattspyrnuskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk.....	13
Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk	13
Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.	13
Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk	14
Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk.....	15
Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk.....	15
Náttúrufræði/Raungreinar (verkl.) fyrir 9.-10. bekk	15
Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.....	16
Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk.....	16
Skák fyrir 8.-10. bekk.....	17
Spaðaíþróttir 8. – 10. bekkur.....	17
Spænska fyrir 8. – 10. bekk	17
Söng - leikur fyrir 8.-10. bekk	18
Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk	18
Yoga fyrir 8. og 10. bekk.....	18
Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á haustönn í VMA.	19

Nám í 9. og 10. bekk Brekkuskóla

Námsgreinar

Í stundaskrá nemenda í 9. og 10. bekk eru 37 kennslustundir. Af þeim eru 8 stundir í valgreinum og þannig hafa nemendur töluvert tækifæri til að hafa áhrif á grunnskólanám sitt. Valið skiptir miklu máli og gott að hafa þætti eins og áhugasvið og framtíðaráform í huga og passa að velja sjálfstætt. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að nám í valgreinum er ekki frábrugðið námi í öðrum greinum, þar gilda sömu reglur um mætingu o.þ.h. og í kjarnagreinum.

Um valgreinarnar

Skólaárið 2017-2018 geta nemendur valið úr fjölmörgum greinum sem nánar eru kynntar hér. Markmiðið var að bjóða uppá fjölbreytt úrval valmöguleika og von okkar er sú að allir geti fundið sér áhugaverðar og spennandi greinar.

Almennt samsvarar hver grein 2 kennslustundum á viku yfir veturinn en nú eru langflestar innanskólagreinarnar kenndar hálfan vetur hver og því þarf að velja sérstaklega fyrir haustönn annarsvegjar og vorönn hinsvegjar. Skipti milli greina eru um miðjan janúar 2018.

Flestar samvalsgreinarnar eru kenndar allan veturinn hver grein. Þær eru kenndar í grunnskólum bæjarins, nokkrar í VMA og á fleiri stöðum. Reiknað er með að nemendur geti nýtt sér strætisvagnakerfi bæjarins til að komast milli staða.

Möguleg skipti milli greina

Fyrstu 1-2 vikur í valgrein er getur verið mögulegt að skipta milli valgreina en þó er slíkt alltaf háð aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig.

Metið val og ábyrgð foreldra í því samhengi

Nemendur eiga kost á að fá metið nám við sérskóla, félags- eða íþróttastörf. Einfalt metið val samsvarar tómsundastarfi frá 1 klst. til allt að 5 klst. á viku. Tvöfalt metið val samsvarar tómsundastarfi frá og með 5 klst. á viku í einni grein/félagsstarfi eða þátttaka í tveimur aðskildum greinum/félagsstarfi. Einnig geta nemendur fengið fjarnám við framhaldsskóla metið.

Til staðfestingar þátttöku í metnu vali þarf að skila staðfestingu þjálfara/kennara/ umsjónaraðila á ástundun í sept/okt með eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fái stöð. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 kest. á viku. Foreldrar bera allan kostnað af tómsundastarfi sem óskað er eftir að fá metið með þessum hætti.

Nemendum og foreldrum/forráðamönnum er velkomið að ráðfæra sig við Steinunni Hörpu náms- og starfsráðgjafa (steinunnh@akmennt.is) ef spurningar vakna. Sími skólans er 462 2525.

Valblöðum skal skila útfylltum til skólaritara í síðasta lagi fimmtudaginn 11. maí 2017.

Innanskólaval

Aðstoð í bóknámi – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmiðið er að nemendur sem á því þurfa að halda geti fengið aðstoð kennara við námið á sínum forsendum. Í þessari grein er t.d. tilvalið að fara betur í námsefni sem hefur reynst erfitt, gera heimaðæmi eða moodle verkefni, nýta tímann til lesturs o.fl. Ef í ljós kemur að nemendur virðast ekki hafa þörf eða áhuga á að nýta sér tímana til bóknáms verða þeir að fara í aðra valgrein.

Greinin fer fram í kennslustofum og tölvuveri.

Fjöldi kennara í greininni ræðst af fjölda nemenda í námshópi.

Bakstur – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á miklivægi hreinlætis almennt.

Lögð er áhersla á að æfa mismunandi bakstursaðferðir s.s. þeytt, hrært og hnoðað deig. Unnið með mismunandi lyftiefni, ólífræn og lífræn. Gerðar verða tertur, formkökur, smábrauð og matarbrauð. Nemendur gera „finni tertur“ og einnig hefðbundið „hversdagsbrauð“ og kökur.

Ýmsu fræðilegu efni sem tengist matargerð og heimilishaldi er fléttað inn í verklegu tímuna.

Nemendur í valhópum taka að sér bakstur vegna skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda og annarra viðburða á vegum skólans.

Námsefni: Bakstursbækur, matreiðslubækur, fjölbreytt efni af netinu og úr ýmsum bókum. Nýtt námsefni: Næring og lífshættir – heimilisfræði fyrir unglingastig.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndi og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tímum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrir á önninni sem því nemur.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Fatahönnun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að nemendur læri að nota saumavélina rétt, teikna upp og sníða flík eftir sníði.

Kennsluefni og aðferðir: Nemendur byrja á að rifja upp saumavélaáttu og sauma nokkrar prufur.

Nemendur velja svo einfalda flík til að breyta, en því næst hanna, teikna, sníða og sauma sér flík að eigin vali í samráði við kennarann.

Námsmat: Símat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrir sem því nemur.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Hönnun / Smíðar – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Nemendur hanna sinn eigin hlut. Á þessu námskeiði er lögð áhersla á hönnun. Hönnun er ferli sem hefst með hugmynd. Hugmyndin er svo þróuð í gegnum skissuferli og síðan unnið með hugmyndina þar til hún er fullunnin. Að því loknu er hugmyndin útfærð þ.e. nemandinn hannar/smíðar sinn eigin hlut.

Markmið kennslunnar er að þjálfja sjónræna athygli, örva skapandi hugsun og persónulega tjáningu, jafnframt því að þroska almenn vinnubrögð, form- og efnistilfinningu.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari: Brynhildur Kristinsdóttir

Íþróttir – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmiðið er að gefa nemendum kost á aukinni hreyfingu og kynningu á sem flestum íþróttagreinum. Skemmtilegir íþróttatímar með fjölbreyttri þjálfun.

Námsmat byggist á ástundun og frammistöðu.

Kennari: Jóhannes Gunnar Bjarnason.

Leirmótun – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að þjálfja og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í leirmótun bæði í þrí- og tvívídd.

Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks, þekkja fjölbreytni leirmótunar og notkunar glerungs.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér mismunandi aðferðir/tækni til að móta (búa til) bolla, vasa og skálar úr leir.

Að búa til lágmynd úr leir og gera gifsmtót.

Að búa til leirfígúrus; t.d. dýr, fólk, verur og að geta notað glerung.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu nemendans, tækni, hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Engin próf, allt er verklegt.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

Lífsstíls- og þjálfraði – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla verður lögð á næringar- og þjálfraði og tengsl þeirra fræða við heilsufræði almennt. Það sem m.a. verður tekið fyrir í greininni er:

- Næringarþörf mannsins á mismunandi æviskeiðum, hlutverk og jafnvægi hinna ýmsu efna sem gefa frumum líkamans orku og þýðingu vítamína, steinefna og margra annarra efna sem við fáum með fæðunni.
- Farið í nokkur af grundvallaratriðum næringarfræðinnar og tengsl þeirra við heilsu og sjúkdóma.
- Fjallað um andlega líðan s.s. kvíða, þunglyndi og áhrif hreyfingar á heilsufar, andlegt og líkamlegt.
- Helstu hugtök í þjálfraði, s.s. þol, kraft, hraða, liðleika, teygjur, samhæfingu, upphitun og niðurlag æfinga.

Greinin er kennd hálfan veturinn en í boði báðar annir þannig að nemendur geta valið hana aðra hvora önnina en ekki báðar.

Námsmat: Námsmat byggist á ástundun, áhuga, vinnusemi, hegðun og bóklegum prófum úr vissum þáttum greinarinnar.

Kennari: Jóhannes Bjarnason

Matur og bakstur – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á mikilvægi hreinlætis almennt.

Áhersla er lögð á ýmis konar matargerð og bakstur þar sem æfðar verða mismunandi baksturs- og eldunaraðferðir.

Ýmsu fræðilegu efni sem tengist matargerð og heimilishaldi er fléttað inn í verklegu tímana.

Nemendur í valhópum taka að sér bakstur vegna skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda og annarra viðburða á vegum skólans.

Námsefni: Matreiðslubækur, mikið af fræðsluefni um matargerð og matarmenningu ýmissa þjóða tekið af netinu og úr ýmsum bókum, fræðslumyndbönd. Nýtt námsefni: Næring og lífshættir – heimilisfræði fyrir unglingastig.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tímum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrr á önninni sem því nemur.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Myndasöguteikning – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að þjálfra og þroska huga og hendur nemenda til að búa til sína egin myndasögu.

Huga að mismunandi stílum: Ofurhetjur, kaldhæðni;...

Námsefni: Lesa, skoða og spjalla um mismunandi myndasögur.

Kennsluaðferðir: Að skilgreina mismunandi þætti í myndasögusköpun.

Persónusköpun, aðal- og auka persónurnar og skapgerðareinkenni þeirra og útlit.

Unnið með mismunandi þema t.d.: mannlegt, dýrslegt, skoplegt og vísindalegt.

Unnið með söguþróunina, titil, kynning af sögupersónum, umhverfið, hápunkturinn, "plottið" og endirinn.

Að læra að nota talblöðrur og texta á skynsamlegan og áhrifamikinn hátt.

Að nota fjarlægð: Yfirsýn og nálægð; að súma inn, þ.e. að sýna bara augu eða hendi sem heldur í farsíma eða byssu.

Lokaverkefni: Að búa til litla myndasögubók.

Námsmat: Tekið verður mið af einbeitingu; tækni, hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Engin próf!

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

Myndlist 1 – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að þjálfra og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið. Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks. Þekkja fjölbreytni (mynd-) listar.

Námsefni: Listabækur, t.d. *Listasaga Fjölva*, *Listasafn Íslands 1884 - 1994*, *Líf og list*, t.d. *Picasso*, *Monet*, *van Gogh*, *Manet*.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér í eigin myndsköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, skrautskrift, myndbyggingu, áferð, grafík, málun, rými, fjarvídd, lita- og formfræði myndbyggingar, andlit og líkaminn teiknuð í réttum hlutföllum.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

Myndlist 2 – fyrir þá sem eru búnir með myndlist 1

Fyrir þá sem eru lengra komnir – eða hafa áður verið í Myndmennt sem kjörsviðsgrein.

Markmið: Að þjálfra og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið. Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks. Þekkja fjölbreytni (mynd-) listar.

Námsefni: Listabækur, t.d. *Listasaga Fjölva*, *Listasafn Íslands 1884 - 1994*, *Líf og list*, t.d. *Picasso*, *Monet*, *van Gogh*, *Manet*.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér í eigin myndsköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, skrautskrift, myndbyggingu, áferð, grafík, málun, rými, fjarvídd, lita- og formfræði myndbyggingar, andlitsteikun, figúru. Nemendur þurfa að eiga litla skissubók sem þeir teikna í heima. Helstu viðfangsefni eru að teikna eftir fyrirmynd, munsturgerð, túlkun tilfinninga, formfræði, óhlutbundnar myndir, pennateikningar, skrautskrift, litafræði, málun á striga, vatnslitamálun, o.fl. Farið verður í vettvangsferðir á listsýningar og ýmis skemmtileg verkefni unnin.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari og myndlistarmaður: Joris Rademaker

Þrjón og hekl – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Nemendur gera prufur í þjóni og hekli en síðan er val um að þrjóna eða hekla einhvern stærri hlut eða flík.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greinin fyrir sem því nemur.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Réttir frá ýmsum löndum – fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á mikilvægi hreinlætis almennt.

Áhersla er lögð á matargerð, matarsögu og matarmenningu annara þjóða. Gerðir verða réttir frá ýmsum löndum s.s. Ítalíu, Mexíkó, Indlandi, Austurlöndum o.fl.

Ýmsu fræðilegu efni sem tengist matargerð og heimilishaldi er fléttað inn í verklegu tímama.

Nemendur í valhópum taka að sér bakstur vegna skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda og annarra viðburða á vegum skólans.

Námsefni: Matreiðslubækur, mikið af fræðsluefni um matargerð og matarmenningu ýmissa þjóða tekið af netinu og úr ýmsum bókum, fræðslumyndbönd. Nýtt námsefni: Næring og lífshættir – heimilisfræði fyrir unglíngastig.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenntsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tímum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrir á önninni sem því nemur.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Skólaleikhús í smíðastofunni/sviðslist – fyrir 8., 9. og 10. bekk

Nemendur læra að búa til leikmynd, leikmuni, búninga og setja á svið stutt leikrit með öllu tilheyrandi.

Markmiðið er að gefa nemendum tækifæri til að þroska og þróa aðferðir til að beisla sköpunarkraft sinn og beina honum í listrænan farveg með áherslu á sviðslist.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni.

Kennari: Brynhildur Kristinsdóttir

Tauprykk – litun fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Nemendur geri ýmis verkefni í tauprykki, td. tösku, púða, teppi eða flík. Nemendur teikna sitt eigið mynstur eða finna á netinu og yfirfæra á flík, teppi, púða eða annað eftir eigin vali.

Kenndar verða mismunandi aðferðir við tauprykk, stenslun og ýmiskonar rammaþrykk. Nemendur velja síðan sína aðferð við verkið .

Kenndar verða mismunandi aðferðir við tauprykk, stenslun og ýmiskonar rammaþrykk þar sem nemendur velja sína aðferð fyrir eigin hönnun. Einnig verður farið í batik-þrykk og litaðir bolir töskur eða sokkar.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrir sem því nemur.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Textíll / fjölbreytt handverk - fyrir 8., 9. og 10. bekk.

Markmið: Nemendur velji að gera textíilverkefni að eigin vali í fatasaumi, tauprykki, þrjóni eða hekli.

Nemandi teiknar upp hugmynd að verkefni sem hann útfærir í saumi, þrykki, þrjóni eða hekli.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni fyrir sem því nemur.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Sameiginlegar valgreinar grunnskólanna á Akureyri

Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) fyrir 9.-10. bekk – Kennt á haustönn í VMA.

Markmið: Að nemandinn kynnist námi sjúkraliða og störfum þeirra.

Farið er yfir nokkra verkþætti í hjúkrun og umönnun s.s. umbúnað í rúmi, mæla blóðþrýsting, lífsmörk, aðstoð við athafnir daglegs lífs og fá upplýsingar um störf sjúkraliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða í nærsamfélaginu (sambyli, heilsugæsla, heimahjúkrun, heimilishjálp, sjúkrahús). Jafnframt verður farið í helstu þætti endurlífgunar, viðbrögðum við slysum (112), slysavarnir og líkamsbeitingu.

Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á haustönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Námsmat: Virkni og þátttaka (10%), skrifleg verkefni (45%), ratleikur/stöðvavinna (10%), kynning (25%), heimsóknarskýrsla (10%).

Kennt á mánudögum kl. 14:40-16:00 á haustönn í VMA.

Boltaíþróttir fyrir 8. – 10. bekk

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Kennt á þriðjudögum í KA húsinu.

Borðspil fyrir 8. – 10. bekk

Markmið og kennsluhættir: Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Með spilum/spilatímum er áhersla á fjóra þætti:

- Þátt tungumálsins sem skiptir sköpum, en nemendur þurfa að ræða saman eða eiga einhvers konar samskipti og tjáskipti.
- Stærðfræði og tengsl hennar við daglegt líf. Í öllum spilum er hægt að finna viðfangsefni sem tengjast stærðfræði og nemendur átta sig ekki alltaf á þeim lærdómi sem þeir öðlast með því að spila fjölbreytileg spil.
- Félagsleg samskipti, en í gegnum spil gefst gott tækifæri að þjálfa ýmsa félagslega þætti, s.s. samvinnu, samskiptareglur, að tapa, að sigra og gleðjast með öðrum.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, en þær skipta máli þegar ná skal markmiðum Aðalnámskrár.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.

Kennt í Síðuskóla á mánudögum

Dans fyrir 8. – 10. bekk

Lýsing: Kenndar verða danstegundir sem tengjast nýjustu straumum í danstónlist svo sem hip hop og jazz ásamt sporum frá þekktum flytjendum eins og Beyonce og Michael Jackson. Áhersla er lögð á hreyfingu og dansgleði og hentar því bæði fyrir byrjendur sem og lengra komna.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.

Kennt í Íþróttahúsi Glerárskóla á þriðjudögum

Fatasaumur 8.-10. bekk

Markmið valgreinarinnar eru að nemandi:

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í vélsaumi, hekli, þrjóni, útsaumi, o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli og lauslega uppdrætti að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum
- læri að taka upp snið

Kenninguáttir: Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við þátt í verkefni sem heitir „föt sem framlag“. Þar sníðum við og saumum úr notuðum fatnaði sem Rauði krossinn leggur til fatnað á ungarbörn.

Saumaðar verða ákveðnar prufur og því næst er farið í gegnum ferlið að hvernig á að taka upp snið. Eitt skylduverkefni, nemandi saumar sér einfalda flík.

Nemendur velja sér einn til tvo hönnuði og kynna. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað.

Námsefni:

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*
- Nemendur komi með föt til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.
- Netíð

Námsmat: Ástundun, símat út frá handverki nemenda, færni og virkni í tímum.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Kennt er á miðvikudögum í Lundarskóla

Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk

Markmið: Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður. Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreyttar fræðslur, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa áhuga á því sem verið er að gera og hafa áhuga á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera virkir þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í sameiginlegt hópefli þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og eyða deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli. Á vorin skipuleggur hver hópur fyrir sig lokahóf (matur, bíó, keila osfrv.).

Námsmat: Gefnir eru bókstafir eftir virkni, áhuga og mætingu nemenda.

Viðburðir: Viðburðir innan félagsmiðstöðva eru t.d. kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

Sameiginlegir viðburðir Félak eru t.d. söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), Stulli stuttmyndahátíð, íþróttaviðburði, góðgerðaviðburðir, spurningakeppni ofl.

Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk

Námskeiðið samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennd undirstöðuatriðin og gerðar nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

Kennslan verður nokkuð lotubundin því farið verður í tvær veiðiferðir sem dekkja töluverðan hluta tímafjöldna námskeiðsins. Gera má ráð fyrir að flestir tímanna fari fram að hausti og svo að vori en bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir veturinn.

Námsmat verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda.

Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

Greinin hefur aðsetur í Glerárskóla á þriðjudögum

Franska fyrir 8.-10. bekk

Markmið áfangans eru:

- að nemendur fái grunnorðaforða í frönsku
- að nemendur læri undirstöðuatriði í málfræði
- að nemendur fái þjálfun í að hlusta á talað franskt mál
- að nemendur geti tjáð sig með stuttum einföldum setningum á frönsku
- að vekja áhuga nemenda á Frakklandi og franskri menningu

Námsefni: Lesbók og vinnubókin *Carte blanche*. Kennari mun einnig velja efni úr öðrum bókum, auk þess að sýna hluta úr frönskum kvikmyndum, velja tónlistarefni og tímaritsgreinar. Í kennslunni verður Frakkland kynnt fyrir nemendum og reynt að vekja áhuga þeirra á landi og þjóð. Reynt verður að tengja kynninguna áhugasviði nemenda. Unnið verður með grunnorðaforða svo sem að heilsa, telja, þekkja litina og stuttar almennar setningar. Farið verður í grunnmálfræðiatriði á borð við persónufornöfn, nafnorð, greini og grunnsagnir. Þá fá nemendur einnig tækifæri á að æfa framburð með stökum orðum og stuttum setningum.

Kennsluhættir: Leitast verður við að nota fjölbreytta kennsluhætti. Leikir, innlögn á töflu, hlustun, tjáning og samvinnunám- og hópvinna verða höfð í fyrirrúmi í bland við einstaklingsverkefni.

Námsmat: Um verður að ræða leiðsagnar- og frammistöðumat yfir önnina þar sem kennari leiðbeinir hverjum nemanda á einstaklingsmiðaðan hátt. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnuverkefni hluti af lokaeinkunn.

Kennt í Lundarskóla á föstudögum.

Hársnyrtiiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í starf hársnyrtifólks. Farið í hárfvott, djúpnæringarnudd og almenna umhirðu á hári. Nemendur læra einnig að nota hárblásara, sléttujárn og önnur hitajárn ásamt því að setja í rúllur. Farið er í almenna umgengni, móttöku viðskiptavina og símsvörun. Einnig fá nemendur innsýn í umhirðu húðar og snyrtingar.

Áfanginn getur aðstoðað nemendur við að sjá hvort þeim finnist fagið áhugavert og hvort það sé eitthvað sem þeir geti hugsað sér að leggja fyrir sig í framtíðinni.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og þriðjudögum kl.14:40-16:00 á vorönn í VMA.

Heilsurækt á Bjargi fyrir 9. – 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

Markmið námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prufa þær fjölbreyttu leiðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum til hreyfingar. Einnig að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Hentar vel þeim sem hafa áhuga fyrir því að stunda líkamsrækt.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum

Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk

Heimspékítímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Helstu markmiðin eru að þjálfar nemendur í heimspékilegri samræðu og efla með þeim gagnrýna hugsun. Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver eru helstu viðfangsefni hennar. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimsspeki með börnum og unglíngum til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Einnig verður stuðst við valda kafla úr bókunum Hugsu og Veröld Soffíu. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Einnig verður fjallað um nokkra af þekktustu heimspékingum sögunnar og kenningar þeirra.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir

skoðanaágreining. Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

Námsmat: Frammistaða í tímum og þátttöku í umræðum, færslur í dagbók og verkefnaskil.

Kennt í Síðuskóla á mánudögum



Hjólaval fyrir 8. – 10. Bekk

Forkröfur: **NEMENDUR VERÐA AÐ EIGA EÐA Hafa aðgang að hjóli.**

Lýsing: Hjólavalinu verður skipt í fyrirlestra, verkefni, viðgerðir, hjólaferðir.

Fyrirlestrar: Farið yfir ýmsar tegundir hjólreiða og hjóla t.d götuhjól, enduro og fjallhjól. Farið yfir helstu reglur á götu og í keppnum. Farið yfir útbúnað og markmið bæði fyrir æfingar og keppni. Myndir og myndbönd skoðuð frá keppnum og æfingum. Skoðaðar íslenskar síður þar sem hægt er að skrá sig í keppnir ásamt því að skoða síður sem eru með fróðleik um hjól og hjólreiðar. Farið í hvernig hjólreiðar geta verið hluti að öðrum greinum. Kyning á ZWIFT forritinu og öðrum forritum til að halda utan um hreyfinguna sína. Kyning á Hjólreiðafélagi Akureyrar o.fl.

Verkefni:

- Setja sér raunhæf markmið og draumamarkmið.
- Skila útbúnaðarlista fyrir keppni.
- Kynnig á hjólreiðum.

Viðgerðir/yfirferð: Farið yfir hverju er mikilvægt að huga að til að halda hjólinu sínu við. Stilling á gírnum og bremsum. Hvernig maður skiptir um dekk og gerir við sprungið dekk o.fl.

Hjólaferðir: Farið verður í hjólaferðir, bæði á götu og á utanvegar stígum (Hlíðarfjall-Fálfakall-kjarni). Farið verður bæði í styttri og lengri ferðir.

Markmið með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist hjólreiðum frá ýmsum sjónarhornum
- Kynnist reglum og útbúnaði
- Læri að huga að hjólinu sínu
- Geti sett sér markmið varðandi hjólreiðar
- Kynnist öllum þeim fjölmörgu hjólaleiðum sem eru í boði á Akureyri

Námsmat: Símat með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð

Greinin hefur aðsetur í Lundarskóla á miðvikudögum og er kennslutími breytilegur (aðallega haust og vor).

Hönnunar- og tæknismiðja fyrir 9. og 10. bekk

Áhersla er lögð á stafræna framleiðslu, hönnun og nýsköpun. Nemendur læra á þrívíddarprentara og önnur forrit og tæki sem tengjast stafrænni tækni. Farið verður í heimsóknir og unnin verkefni í samstarfi við FabLab í Verkmenntaskólanum á Akureyri ásamt því að vinna verkefni í Lundarskóla.

Kennt á mánudögum, eina önn í senn.

Iðnir, tækni og Slippurinn fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í Slippnum.

Kynning á iðn- og tæknistörfum, ætluð nemendum í 10. bekk í grunnskólum á Akureyri.

Markmið: Valáfanganum er ætlað að vekja áhuga nemandans á iðn- og tæknigreinum og kynna honum fjölbreytt störf og starfstækifæri sem þær greinar hafa upp á að bjóða. Námið er fjölbreytt og byggir á fræðslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum.

Námið fer fram í Slippnum og þeir sem halda utan um áfangann eru iðn- og tæknimenntað starfsfólk Slippisins ásamt umsjónaraðila frá grunnskólum Akureyrar.

Skilyrði fyrir þátttöku er góð skólasókn í 8. og 9. bekk.

Gert er ráð fyrir þátttöku stráka og stelpna í greininni.

Hæfniviðmið:

Að kynna nemendum þau fjölbreyttu tækifæri sem liggja í iðn- og tæknigreinum

Að nemendur fræðist um iðn- og tæknistörf sem unnin eru í Slippnum og DNG. Þær greinar sem sérstaklega verða kynntar eru vélsníði, stálsníði, rennismíði og tæknistörf í DNG.

Að nemendur upplifi hvernig er að vinna við iðn- og tæknistörf

Að nemendur fái fræðslu um öryggismál

Námsþættir: Námið er fjölbreytt og er bæði verklegt og bóklegt og miðar að því að tengjast atvinnulífinu. Farið verður í vettvangsferðir og verður heimasíða og samfélagsmiðlar nýttir til kynningar á valgreininni (dagbók, viðtöl, video, ljósmyndir o.fl.) .

Matsviðmið: Ástundun, þátttaka og skil á vefdagbók.

Greinin fer fram í Slippnum á vorönn á föstudögum

Knattspyrnskóli Þórs fyrir 9. – 10. bekk

Knattspyrnskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækji allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreinina og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingatímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.

Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá vinnu- og áhugasemi og framkomu.

Kennsla fer fram í Naustaskóla á mánudögum.

Leður, leir og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.

Leðurvinna (12 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl. *Leirmótun (8 vikur)*

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (12 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) o.fl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum

Leitin að Grenndargralinu fyrir 8. – 10. bekk

Lýsing: Takmark þátttakenda er að finna Grenndargralið sem búið er að koma fyrir á vissum stað á Akureyri. Þátttakendur fá eina þraut til lausnar í viku hverri. Þraut sem tengist sögu Eyjafjarðar. Við lausn hvernar þrautar fá þátttakendur bókstaf. Markmiðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð. Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu heimabyggðar. Þegar þátttakendur ná að raða saman bókstöfunum og mynda sjálft lykilorðið öðlast þeir rétt til að hefja leit að Grenndargralinu. Til þess fá þeir eina lokavísbendingu sem vísar þeim á fundarstaðinn. Hér snýst allt um að vera á undan keppinautunum. Sá eða þeir sem finna gralið standa uppi sem sigurvegarar. Þeir fá gralið afhent til varðveislu í eitt ár. Einnig fá þeir verðlaunapeninga til eignar. Allir sem klára þrautirnar tíu fá viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu eftir langa og stranga leit. Þátttakendur útbúa kynningarspjöld sem birtast á heimasíðu leitarinnar.

Markmið: Kynna sögu og menningu heimabyggðar með skemmtilegum vettvangsferðum og rannsóknarleiðangrum. Leitin tekur 10 vikur. Hún hefst í byrjun september og henni lýkur um miðjan nóvember.

Námsefni: Öll möguleg hjálpargögn til að leysa þrautirnar; tölur, bækur, blöð, tímarit, landakort, amma og afi o.s.frv.

Kennsluáferðir : Þrautirnar birtast á heimasíðu Leitarinnar (www.grenndargral.is) á sama tíma í viku hverri. Þátttakendur hafa þannig viku til að leysa hverja þraut. Þrautirnar kalla á mismikið vinnuframlag. Sumar krefjast heimildavinnu fyrir framan tölvu eða bók meðan aðrar krefjast rannsóknarleiðangra um Akureyri. Námið fer að öllu leyti fram utan kennslustofunnar. Samskipti

umsjónarmanns og þátttakenda fara þannig að mestu leyti fram á gagnvirkan hátt þar sem heimasíðan gegnir lykilhlutverki við að koma upplýsingum á framfæri til þátttakenda.

Námsmat: Símat. Umsjónarmaður Leitarinnar fer yfir lausnir þátttakenda sem skilað er inn með tölvupósti. Ljúka þarf níu fyrstu þrautunum á fullnægjandi hátt til að fá valgreinina metna að öðrum kosti verða nemendur að fara í aðra valgrein eftir áramót.

Greinin hefur aðsetur í Giljaskóla.

Líkamsrækt Átak fyrir 9. og 10. bekk

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einníð að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal t.d. Body pump, spinning og palla. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

Kennsla fer fram á þriðjudögum

Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk.

Markmið að nemandi:

-læri á fjölda forrita sem hægt er að nota bæði í daglegu lífi og námi.

-efli hæfileikann til að skapa, uppgötva, hanna og setja fram nýjar hugmyndir.

-nýti tækni á jákvæðan hátt í sínu námi.

-læri fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér efni með notkun tækni.

-náí að tileinka sér góð vinnubrögð við að skapa frambærilegt efni með notkun tækni.

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að hver nemandi fái að nýta sína hæfileika sem best. Í byrjun áfangans munu nemendur koma með hugmyndir af verkefnum út frá sínum áhugasviðum. Þeir munu síðan ásamt kennurum velja verkefni vetrarins og vinna að þeim. Dæmi um verkefni sem áður hafa verið valin: Stuttmyndagerð, myndvinnsla, forritun, memes, Sphero, sýndarveruleiki, tölvutætingur, teiknimyndasögugerð, þrívíddarteikningar, vefsíðugerð, Green screen.

Notaðir verða mismunandi miðlar og forrit eftir eðli verkefna hverju sinni.

Kennsluáðferðir verða sýnikennsla og jafningjafræðsla þar sem nemendur vinna saman að því að leysa fjölbreytt verkefni. Áfanginn mun halda úti vefsíðu og þannig birta hluta af efni sem framleitt verður yfir veturinn, nemendur munu sjálfir koma að þeirri uppsetningu.

Námsefni:

Fjölbreytt forrit í tölvum, spjaldtölvum og símum ásamt forritanlegum tækjum.

Námsmat: Sjálfstæði, frumkvæði, virkni, ástundun og frágangur.

Kennt verður í Brekkuskóla á föstudögum kl. 14:00-15:45, kennt þrjá föstudaga í mánuði og frí einn.

Náttúrufræði/Raungreinar (verkl.) fyrir 9.-10. bekk

Efnafræði/Líffræði/Eðlisfræði/Stærðfræði

Fyrir áramót verður farið í efnafræði og líffræði:

Í efnafræði er atómið skoðað, hvernig atóm mynda sameindir og síðan eru eiginleikar einstakra sameinda skoðaðir. Samanburður milli eiginleika efna, sýrur og basar, ástandsform, fellingar jónefna, rafgreining vatns, titrun til að ákvarða styrk efna, hvarfhraði efnahvarfa (einnig tengt líffræði), áhrif hvata og hita - og ýmsar einfaldar mælingar og tilraunir.

Í líffræði verður lífheimurinn skoðaður, örverur ræktaðar í agar, tengsl vaxtar og hitastigs skoðað, frumur skoðaðar og stærri lífverur krufðar. Órofa samspil manns, náttúru og samfélags skoðað. Frá sameind til seildýra.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Námsmat: Verkefnaþema með verkefnum og verkseðlum allra verklegra æfinga. Vinnusemi í tímum.

Eftir áramót verður farið í eðlisfræði og stærðfræði.

Í eðlisfræði er samband vegalengdar og tíma skoðað, hraði og hröðun. Grafísk framsetning og mælingar. Þyngdarhröðun. Einnig verða hugtökin orka og afl skoðuð með tilliti til notkunar í daglegu lífi.

Í stærðfræði verða algebra og rúmfræði meginviðfangsefnið. Rúmmál og flatarmál, mælingar á umhverfisstærðum tengdum verkfræði, einföld notkun hornafalla við ýmsar mælingar tengdar eðlisfræði. Í algebra verða tengsl raungreina og algebra skoðuð og hvernig algebra má nota við að leysa eðlis- og efnafræðidæmi.

Reiknað er með að helmingur tíma verði verklegur, tilraunir eða önnur verkefni, unnin í hóp eða einstaklingsverkefni.

Námsmat: Verkefnaþema annar og nokkur stutt próf af ýmsum gerðum.

Kennsla fer fram í Lundarskóla á miðvikudögum.

Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.

Lýsing: Nemendur vinna ýmis smáverkefni sem tengja saman handverk og fræðileg viðfangsefni sem rafiðnaðarmenn fást við. Kynnt eru grunn atriði í rafmagnsfræði og ýmsir íhlutir skoðaðir.

Nemendur kynna einföldum verkfærum og mælitækjum og fá tækifæri til að prufa notkun þeirra.

Gerðar eru tilraunir sem tengjast rafmagns og segulfræði og áhersla lögð á þátttöku nemenda og hugmyndaauðgi þeirra. Unnið er með hefðbundin raflagnaefni og einföld tengiverkefni

framkvæmd. Einnig eru smíðuð einföld rafeindatæki.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá hana metna til eininga sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl. 14:40-16:00 á vorönn í VMA.

Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk

Lýsing: Tímarnir verða í volgum sal. Þeir eru hugsaðir fyrir þá sem þurfa að losa um stífa vöðva, bæta liðleika og læra að slaka á. Mjög góðir tímar fyrir þá sem æfa mjög mikið.

Námsmat: Mæting, virkni og áhugi.

Kennt verður í Líkamræktarstöðinni Bjargi við Bugðusíðu á mánudögum

Skák fyrir 8.-10. bekk

Markmið: að auka færni nemenda og áhuga á skáklistinni.

Fjallað verður um helstu reglur og aðferðir sem notaðar eru í skák, t.d. byrjanir, miðtöfl, endatöfl, fléttur og að máta. Farið verður yfir valda kafla úr skáksögunni og skákir meistara á borð við Morphy, Lasker, Capablanca, Aljekín, Botvinnik, Fischer, Karpov, Kasparov og Carlsen skoðaðar. Áhersla verður lögð á að skoða hvernig hægt er að nota tölvur til að auka færni sína í skák, bæði með því að tefla á netinu á www.Chess.com og með því að nota öflug skákforrit á borð við Stockfish og Houdini. Námskeiðinu lýkur með skákmóti. Vegleg verðlaun verða í boði.

Kennt fer fram í Lundarskóla á miðvikudögum

Spaðaípróttir 8. – 10. bekkur

Í spaðaípróttum verður áhersla lögð á að spila og læra borðtennis, badminton og tennis. Farið verður í undirstöðuatriði ípróttanna þriggja og helstu tækniatriði kennd. Hvernig er best að halda á spaðanum í viðkomandi íprótt og farið verður yfir forhönd, bakhönd og uppgjafir. Þar að auki verða helstu reglur kynntar og leikið eftir þeim. Upphitunar- og keppnisleikir verða iðkaðir og haldin verða mót í greinunum þremur.

Lykilatriði verður þó að njóta ípróttanna og skemmta sér í góðri íprótt.

Námsmat verður til jafns byggt á mætingu og viðhorfi.

Kennt í Naustaskóla á föstudögum

Spænska fyrir 8. – 10. bekk

Markmið með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð.
- Öðlist færni í að tjá sig á spænskri tungu, og geti þannig svarað einföldum spurningum um sjálfan sig.
- Þjálfist í að skilja stuttar talaðar setningar á spænsku.
- Þjálfist í að lesa léttan texta og skrifa stuttar setningar.
- Læri grundvallaratriði í málfræði með íslenskt mál til hliðsjónar.
- Tileinki sér framburðarreglur og æfi framburð.

Helstu viðfangsefni:

- Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs.
- Ýmsar tólmstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

Leiðir og kennsluáferðir: Spænsk tónlist og kvikmyndir, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil, annað margmiðlunarefni.

Námsmat: Munnleg verkefni. glósupróf. hóp- og einstaklingsverkefni.

Kennt verður í þeim skóla þaðan sem flestir nemendur koma.

Söng - leikur fyrir 8.-10. bekk

Markmið valgreinarinnar er að kveikja áhuga á tónlist og leiklist og leyfa nemendum að upplifa hvernig það er að leika og syngja á sviði.

Valgreininni er skipt í þrjú 5-7 vikna tímabil, þar sem lögð verður áhersla á leiklist, söng og uppsetningu lokaverkefnis.

Leiklist; leiklistarleikir, spunaæfingar, hreyfingar á sviði og upphitun í leiklist.

Söngur; söngur, saga söngleikja, lög ákveðin til að setja saman í söngleik/tónleika.

Uppsetning lokaverkefnis.

Námsmat byggir á ástundun.

Kennt verður í Hofi á miðvikudögum.

Tauprykk og fatalitun fyrir 8. – 10. bekk

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar, s.s. stimplar, stenslar, rammaþrykk o.fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum.

Námsmat: Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:30 í 160 mín. lotum hálf skólaárið.

Yoga fyrir 8. og 10. bekk

Markmið og kennsluáðferð: Hér munum við kynna jóga! Hvað er það, hvaðan kemur það, hvernig er það talið virka og af hverju er það talið virka svona vel?

Hver tími mun byggjast upp á umræðum/fræðslu, Hatha jógaflæði og djúpslökun.

Í upphafi annarinnar verða verklegar æfingar léttari en munu svo þyngjast eftir því sem á líður, þar til við í lokin munum reyna við erfiðari og meira krefjandi jógastöður.

Boðið verður upp á mikla fjölbreytni og mismunandi leiðir í jóga.

Við munum jafnvel fá til okkar gestakennara og fara í vettvangsferðir og upplifa jóga úti í náttúrunni.

Jóga getur hjálpað okkur að byggja upp sterkan og liðugan líkama en einnig getur jóga orðið lífslangt ferðalag sjálfsuppgötvunar sem færir þér sterkari sjálfsmýnd, hugarró, og innri hamingju.

Um leið og við fetum þessa braut, munum við ræða þætti sem hafa áhrif á sjálfsmýndina okkar – hvað eflir hana og hvað letur hana? Hvað getum við gert til þess að verða sjálföruggir og ánægðir einstaklingar? Hafirðu sterka sjálfsmýnd geturðu nefnilega gert allt það sem þú vilt og getur á auðveldari máta tekist á við þá hluti sem á vegi þínum verða!

Námsmat: Námsmat byggist á ástundun, áhuga, vinnusemi og hegðun í tímum.

Kennt í Átaki við Skólastíg á þriðjudögum og föstudögum.

Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á haustönn í VMA.

Kynningaráfangi í þjónustu. Framreiðsla á matvælabraut VMA

Markmiðið: Í áfanganum verður kynning á menntun og starfi framreiðslumanna. Nemendur læra að leggja á borð og skreyta borðin fyrir mismunandi tækifæri. Nemendur læra að gera óáfenga kokteila. Nemendur læra að nota kaffivél og gera kaffidrykki.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.14:40-16:00 á haustönn í VMA.